

Erindi íbúaráðs Laugardals, dags. 17. apríl 2023, umhverfis- og skipulagsráðs vegna umferðaröryggis við göngustíg milli World Class í Laugum og Laugardalsvallar.

Íbúar í Laugardal sendu inn erindi til íbúaráðs Laugardals vegna skorts á umferðaröryggi gangandi og hjólandi við göngustíginn milli World Class í Laugum og KSÍ.

Vandinn sem um ræðir ætti öllum að vera kunnugur en mikil umræða og óánægja var meðal íbúa, m.a. í íbúagrúbbum á facebook árið 2017, með umferðarmenningu gesta sem sækja World Class.

Mörg börn fara um umrætt svæði, sem eru að sækja skóla, íþrótt- og tómstundastarf þarna í kring. Er það almenn upplifun, og ótti íbúa, að öryggi barna þeirra sem og annarra íbúa sé stefnt í hættu með gáleysislegum akstri bílstjóranna sem eru að fara í World Class.

Nú er kominn ágætis reynslutími á þær aðgerðir sem farið var í haustið 2020, þar sem markmiðið var að bæta og tryggja betur öryggi gangandi og hjólandi á svæðinu. Eru íbúar hins vegar aftur orðnir þreyttir og óánægðir, og taka fulltrúar íbúaráðs undir þær óánægjuraddir. Ítrekað er keyrt yfir göngustíginn, þrátt fyrir merkingar um að slíkt sé óheimilt sem og ábendingar frá gangandi vegfarendum. Er upplifunin sú að bílstjórar virði ekki merkingar og hugi þar með ekki að öryggi gangandi og hjólandi. Keyrt hefur verið utan í fólk og árið 2018 var keyrt á barn á þessum stíg.

Íbúaráð Laugardals óskar eftir því, við umhverfis- og skipulagsráð, að farið verði í enn frekari aðgerðir til þess að bæta úr skorti á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda, við göngustíginn sem liggur á milli World Class og KSÍ.

Telur ráðið sem og aðrir íbúar að kominn sé tími til að setja upp vegatálma sem hindri innakstur á svæðið. Taka þurfi mið af því að um svæðið þurfa sjúkrabílar og vöruflutningar að komast og því leggur ráðið til að um fjarstýrða vegatálma verði að ræða, slíkt er vel þekkt og á að geta tryggt aðgengi þessara farartækja að svæðinu.

Ráðið setur sig ekki upp á móti því að byrjað verði á að kalla til hlutaðeigandi aðila á svæðinu sem um ræðir, forsvarsfólk World Class í Laugum og KSÍ, en einnig er til staðar, á vegum foreldrafélags Laugarnesskóla, umferðarhópur sem gæti nýst vel í þá vinnu við að tryggja umferðaröryggi fyrir öll á umræddu svæði.

Hjálagt: Erindi íbúa í hverfinu, dags. 13. febrúar 2023, um göngustíg við bílastæði World Class.

Erindi íbúa í hverfinu, dags. 13. febrúar 2023, um göngustíg við bílastæði World Class.

Kl. 11:46 í gær (sunnudag) var næstum búið að keyra á mig á GÖNGUSTÍGNUM sem liggur fyrir framan WC Laugum.

Ég var á hraðri göngu inn í áttina að Laugardalnum og komin tæplega miðja vegu yfir göngustíginn þar sem hann liggur yfir innkeyrslu vöru- og sorphirðubíla þegar almennur bílstjóri á fólksbíl beygði niður af Reykjavegi og brunaði niður götuna. Bílstjórinn hægði aldrei á bílnum og virtist horfa á stúkuna við Laugardalshöll meðan hann straujaði yfir fjölfarinn göngustíg án þess svo mikið sem að horfa fram fyrir sig. Ég tók undir mig stökk en hann sá mig ekki fyrr en hann straukst við úlpuna mína. Það voru fleiri gangandi vegfarendur rétt hjá og urðu vitni að þessu. Þegar bílstjórinn fattaði stöðuna var hann eðlilega í sjokki. Þessi innkeyrsla sem hann notaði er ekki hugsuð fyrir almenna bílaumferð. Það eru tvö skilti við innkeyrsluna sem taka skýrt fram að aðeins sé heimil umferð fyrir vöru- og sorphirðubíla. Bílstjórinn var skömmustulegur og vissi alveg upp á sig sökina. Það ömurlegasta er að þetta var ekkert tilfallandi atvik - það er ekki einu sinni bara daglegt brauð að þessi skilti séu hundsuð. Það er "mínútulegt" brauð - ef svo er hægt að komast að orði - því traffíkin um þessa bönnuðu innkeyrslu er stöðug.

Þegar ég flutti í hverfið árið 2017 tók ég strax eftir því hvað það er galið að einn fjölfarnasta göngustígur hverfisins, þar sem börnin okkar ganga daglega til og frá skóla og frístundaiðkun, sé rofin á tveimur stöðum á ca 30m bili af inn/útkeyrslu inn á lítið viðbótarbílastæði WC.

Það var hins vegar ekki fyrr en haustið 2018 sem ég fór að gera eitthvað í málinu því þá keyrði kona á son minn, þá 7 ára, þar sem hann hjólaði eftir stígnum á leið heim af æfingu. Konan sjálf var að koma af æfingu í WC og hún spurði drenginn hvort það væri "allt í lagi með hann" og þegar hann (í vægu áfalli) sagði að svo væri, þá keyrði hún í burtu. Ég hugsa að flestir íbúar hverfisins þekki svona sögu af þessum stað.

Vissulega höfðu margir bent á þessa ömurlegu slyshættu en þarna 2018 tókum við okkur nokkur saman, fengum skóla og foreldrafélag í lið með okkur og sendum formlegt erindi til Reykjavíkurborgar. Borgin sagðist taka þetta alvarlega og vita af stöðunni. Umbótum var lofað. Við minntum á okkur á nokkurra mánaða fresti án viðbragða. Það var svo nokkrum ÁRUM síðar sem það var kynnt með pompi og prakt að nú skyldi tekið á málinu. Öll sú aðgerð fólst í því að setja upp tvö skilti við AÐRA innkeyrsluna um að almenn umferð væri ekki heimil. (Almenn umferð er heimil og mikil um hina innkeyrsluna.) Örlítil kantur og gúmmímottur voru einnig settar. Aðeins vöru- og sorphirðubílar mættu aka um innkeyrsluna framvegis.

Það er skemmst frá því að segja að fælingarmáttur þessara skilta er ENGINN. Staðan er sú að það er ennþá umferð á TVEIMUR stöðum, í BÁÐAR áttir á göngustíg sem börnin okkar nota daglega. Bílstjórnarnir virða merkingar einskis.

Það er mjög lýsandi að þær 8 sekúndur sem það tók mig að sækja símann minn í vasann til að taka mynd af skiltunum fyrir þessa færslu, keyrði annar bíll yfir göngustíginn eins og ekkert væri eðlilegra.

Þær smávægilegu úrbætur sem ráðist var í eftir margra ára baráttu dugðu ekki. Það þarf að taka mun fastar á þessu máli. Hvenær ætlar Reykjavíkurborg að axla ábyrgð á að fjarlægja þessa slysaöldru?

Kveðja,
Sóley Kaldal
s. 695-8552

Hjálagt: Mynd af vettvangi, Bréf skólasamfélagsins í Laugarnesskóla dags. 10. janúar 2019 til Reykjavíkurborgar



Vöruafgreiðsla
og sorphirða
heimil



Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2019

Efni: Göngustígur í Laugardal við bifreiðastæði World Class

Við undirrituð, stjórnendur Laugarnesskóla, stjórn Foreldrafélags Laugarnesskóla og foreldrar nemenda við Laugarnesskóla, vekjum athygli á óásættanlegri áhættu í Laugardal þar sem akstursleið bifreiða liggur yfir göngustíg. Óhöpp hafa orðið á þessum stað og nýverið var þar ekið á barn. Óskum við eftir tafarlausum viðbrögðum Reykjavíkurborgar.

Meðfylgjandi bréfi þessu er samantekt um málið, unnin af Sóleyju Kaldal og Auði Öglu Óladóttur.

Virðingarfyllst,




f.h. stjórnenda Laugarnesskóla,
Kristinn Svavarsson, aðstoðarskólastjóri



f.h. stjórnar Foreldrafélags Laugarnesskóla,
Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, formaður



Sóley Kaldal, foreldri



Auður Agla Óladóttir, foreldri

ERINDI:

Ekið á barn. Óásættanleg áhætta á gönguleið skólabarna í Laugardal þar sem akstursleið liggur yfir göngustíg. Óskum eftir tafarlausum viðbrögðum Reykjavíkurborgar.

SAMANTEKT:

Aðalgöngustígur úr Laugarneshverfi og inn í Laugardal liggur framhjá Laugardalslaug, World Class Laugum og Laugardalsvelli áður en gangandi og hjólandi vegfarendur komast inn í dalinn til frístunda, tómstunda-, íþróttta-, og útivistariðkunar. Mikil umferð gangandi og hjólandi vegfarenda á öllum aldri er um þennan stíg, ekki síst ungra grunnskólubarna sem eru að stíga sín fyrstu skref í umferðinni. Yfir þennan göngustíg er ekið á tveimur stöðum á 30 m kafla, inn á lítið auka-bílastæði við World Class Laugum.


Göngustígurinn er bílstjórum algjörlega ómerktur. Engin viðvörðunarskilti eru við leiðir fyrir akandi vegfarendur eða neinar aðrar viðvaranir fyrir ökumenn við stíginn. Hvergi eru skilti sem vara þá við gangandi umferð, né litabreyting á götu sem benda til slíks. Hraðhindranir sem lagðar voru við inn/útkeyrsluna sunnan megin hafa legið brotnar um langan tíma og eru að auki staðsettar innan við göngustíginn.

Hættan af þessum innkeyrslum við núverandi aðstæður er veruleg eins og dæmi sanna. Ekið hefur verið á gangandi og hjólandi vegfarendur, mörg óhöpp orðið og allur umbúnaður akstursleiða inn og út af svæðinu óásættanlegur með öllu. Þessi staður hefur lengi valdið hræðslu foreldra og vegfarenda í hverfinu, en allmörg óhöpp hafa orðið þar nú þegar. Aðeins brot þeirra slysa og óhappa sem hafa orðið á svæðinu hefur verið tilkynnt til lögreglu. Nýlega var ekið á 7 ára gamalt barn á þessum stað og bílstjórinn keyrði í burtu án þess að tilkynna atvikið til lögreglu eða annarra.

Laugarnesskóli og Foreldrafélag Laugarnesskóla óska eftir tafarlausum úrbótum Reykjavíkurborgar á svæðinu og í framhaldi af því er óskað eftir mati á því hvort breyta þurfi notkun þessa bílastæðis. Við, undirrituð óskum eftir fundi með umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar til að ræða hvernig megi leysa málið á farsælan hátt og í sátt við alla hagsmunaaðila.

Bakgrunnsupplýsingar: Aðalgöngustígur úr Laugarneshverfi og inn í Laugardal liggur framhjá Laugardalslaug, World Class Laugum og Laugardalsvelli áður en gangandi og hjólandi vegfarendur komast inn í dalinn til frístunda-, tómstunda-, íþróttar-, og útivistariðkunar. Mikil umferð gangandi og hjólandi vegfarenda á öllum aldri er um þennan stíg, ekki síst ungra og eftirlitslausra grunnskólabarna. Yfir þennan göngustíg er ekið í tvígang á 30 m kafla, inn/út af litlum hluta bílastæða við World Class Laugum.

Sérstaklega er mikil umferð grunnskólabarna þarna síðdegis. Börnin ganga/hjóla flest úr Laugarnesskóla og yfir Reykjaveg í átt að Laugardalslaug. Þar labba þau yfir á göngustíginn sem liggur framhjá bílastæði World Class og Laugardalsvelli áður en þau koma loks inn í dalinn og geta sótt frístund eða íþróttir þar. Einnig er regluleg umferð unglunga úr Laugalækjarskóla um þennan stíg flesta daga þegar þeir fara í skólaíþróttir í Laugardalshöll.



Mynd 1: Á myndinni má sjá gönguleið barna úr Laugarnesskóla inn í Laugardal (gul lína). Einnig má sjá mikið framboð bílastæða milli Reykjavegs og göngustígs sem bílstjórar sem sækja þjónustu í dalinn geta nýtt sér (blátt svæði), ásamt hinum fáu bílastæðum sem liggja næst inngangi WCL (rautt svæði). Á myndinni sést hvernig bílar geta keyrt af Reykjavegi og beint inn á rauða bílastæðið, þvert yfir göngustíginn. Bílar keyra í báðar áttir inn og út af rauða svæðinu.

Vandamál: Í október 2018 var ekið þarna á sjö ára barn (son Sóleyjar, undirritaðar). Í maí 2018 var ekið á konu (Auði, undirrituð). Í bæði skiptin gættu bílstjórar ekki að sér þegar þeir óku yfir göngustíginn. Þessi tvö tilvik, sem hafa verið tilkynnt til lögreglu, eru langt frá því að vera þau einu. Fjöldi óhappa hefur orðið á þessum stað og einungis brot þeirra tilkynnt til lögreglu.

Þessi aðalgöngustígur úr Laugarneshverfi og inn í Laugardal er laus við átroðning bíla ef frá er talinn 30 metra kafla þar sem bílar geta í tvígang keyrt inn og út af bílastæði World Class. Eftir tvær vettvangsskoðanir á ólíkum tíma dags er ljóst að bílar keyra í báðar áttir um hvora innkeyrslu, þ.e. inn

og út af bílastæðinu. Mikil bílaumferð er yfir göngustíginn. Megnið af þeirri bílaumferð var (á tímum vettvangsskoðunar) þess eðlis að bílstjórar freistuðu þess að finna stæði sem næst inngangi, en þurftu frá að hverfa vegna skorts á lausum stæðum. Fjöldmörg laus stæði voru þó á hinu stóra bílastæði nær Reykjavegi (bláa svæði).

Alvarlegt er að hraðahindranir sem settar hafa verið upp við báðar inn/útkeyrslur, hafa legið skemmdar í lengri tíma, án þess að Reykjavíkurborg eða eigendur fyrirtækja í kring aðhafst. Hraðahindranirnar liggja innan við göngustíginn og gera því ekkert til að hægja á bílum sem koma keyrandi niður frá Reykjavegi.



Mynd 2: Hér má sjá leifar hraðahindrunar við syðri inn/útkeyrslu



Mynd 3: Hér má sjá leifar hraðahindrunar við nyrðri inn/útkeyrslu



Mynd 4: Hér má sjá bílstjóra keyra út um syðri inn/útkeyrslu. Töluverð umferð gangandi vegfarenda sést einnig.



Mynd 5: Hér má bílstjóra keyra inn um syðri inn/útkeyrslu. Hann bíður meðan gönguhópur eldri borgara nýtir stígin. Á myndinni má einnig sjá hvernig bílaumferð kemur beint af Reykjavegi og inn á bílastæðið án hindrunar og án nokkurra merkinga.

Sumir bílstjórar virðast ekki átta sig á því að þeir eru að keyra yfir göngustíg, sem er að einhverju leyti skiljanlegt þar sem merkingum er verulega ábótavant og ekkert sem gefur öikumönnum til kynna að þarna sé um að ræða göngustíg.

Áhættumat: Áhætta er skilgreind sem samþætt mat á líkum og afleiðingum. Algengast er að tjá áhættu í fylki sem líkist eftirfarandi:

Áhætta		Afleiðingar				
		smávægilegar	minniháttar	nokkrar	miklar	hræðilegar
Líkur	fátíðar	Lítill	Lítill	Lítill	Miðlungs	Miðlungs
	ósennilegar	Lítill	Lítill	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
	nokkrar	Lítill	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Mikil
	líklegar	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Mikil	Mikil
	mjög líklegar	Miðlungs	Miðlungs	Mikil	Mikil	Mikil

Líkur eru byggðar á tíðni atvika. Lögregla býr líklega yfir einhverri tölfræði um tíðni atvika á svæðinu, en ljóst er að allstórt hlutfall atvika er ekki tilkynnt til lögreglu og þar af leiðandi ekki í

tölfræðigögnum. Við getum því ekki metið líkurnar nema eigindlega, af frásögnum og reynslusögnum. Í ljósi fjölda þeirra er ljóst að líkurnar á atviki á þessum stað eru töluverðar (líklegar eða mjög líklegar).

Afleiðingarnar er auðveldara að spá fyrir um, þær eru allt frá smávægilegum meiðslum upp í grafalvarleg slys (nokkrar, miklar, hræðilegar).

Það er því ljóst að áhættan er **mikil** á þessu svæði og ætíð ef áhætta fellur í rauðan flokk er ástæða til tafarlausra áhættuminnkandi aðgerða.

Úrbætur: Við viljum því óska eftir tafarlausum úrbótum á svæðinu og leggjum til eftirfarandi

- Að hraðahindranir séu lagaðar/enduruppsettar.
- Að hraðahindranir séu ekki einungis bílastæðismegin, heldur einnig þeim megin sem aðkeyrsla frá götu er.
- Að eftirlit verði með ástandi hraðahindrana.
- Að skilti verði sett upp til að vara bílstjóra við því að þeir séu að keyra yfir göngustíg.
- Að augljós litabreyting verði á göngustígnum á þessu svæði til að auðvelda bílstjórum að átta sig á aðstæðum.
- Að bæta lýsingu við inn/útkeyrslurnar
- Að aðrar merkingar verði settar upp, sem geti stuðlað að aukinni vitund bílstjóra og þar með auknu öryggi fótgangandi og hjólandi.

Dæmi um skýrar götumerkingar göngustígs:



Mynd 6: Göngustígur skýrt málaður á bílastæði fyrir utan hús Verkfræðingafélagsins við Engjateig.

Annað: Þetta svæði hefur alloft verið í þjóðfélagsumræðunni undanfarin ár, án viðbragða borgaryfirvalda.

Til dæmis barst tillaga inn í „Betri Reykjavík“ árið 2017. Sjá hlekk:

<https://hverfid-mitt-2017.betriereykjavik.is/post/10394>

Fréttablaðið fjallaði einnig um þessa slysgildru. Sjá hlekk:

<http://www.visir.is/g/2017170329578>

[Athugasemdir við umfjöllunina á Facebook:](#)

VISIR.IS
Vísir - Vilja loka akstursleið yfir fjölfarna gönguleið hjá World Class Laugum Vista

Oddný Hróbjartsdóttir, Vaka Rögnvaldsdóttir og 30 í viðbót · 4 ummæli · 1 deiling

Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila

Katrín Lilja Sigurðardóttir · Ég varð vitni að því þegar bill ók á hjóleiðamann nákvæmlega þarna í haust
Líkar þetta · Svára · 1ár · 2

Melkorka Árný Kvaran · Agalegt
Líkar þetta · Svára · 1ár

Anna Katrín Sveinsdóttir · Á þessum stað var keyrt á Svein Óla fyrir nokkrum árum
Líkar þetta · Svára · 1ár

Auður Agla Óladóttir · Oj ömurlegt, voru þessi slys alvarleg og voru þau skráð hjá Lögreglu?
Líkar þetta · Svára · 1ár · Breytt

Melkorka Árný Kvaran · Já hugsið ykkur...og maður bara búin að tala um að þetta þurfi að laga áður en slysin gerast...slysin hafa sem sagt gerst.....og munu verða fleiri ef ekkert verður gert!
Líkar þetta · Svára · 1ár

Þó ráðist verði í þessar tafarlausu umbætur, þá viljum við óska eftir því að Reykjavíkurborg geri faglegt mati á því hvort breyta þurfi notkun þessa bílastæðis. Meta þarf hvort ávinningur af notkun þessara fáu bílastæða sé metinn rétt hærrí en öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Við gerum okkur grein fyrir því að mikilvægt er að neyðarflutningar og aðrir viðbragðsaðilar (svosem sjúkrahús/slökkvilið), sem og þjónustu við fatlaða og hreyfihamlaða, hafi aðgang að þessu svæði, en slík umferð er aðeins örlítill hluti þeirra bifreiða sem nú keyra yfir göngustíginn. Til dæmis mætti loka annarri inn/útkeyrslunni eða báðum með slám eða öðrum hætti. Ef aðgengi almennra viðskiptavina WCL yrði takmarkað myndi umferðin yfir göngustíginn dragast verulega saman og öryggi barnanna okkar stórukast.